

Á milli undirritaðra aðila, Langanesbyggðar, kt. 420369-1749 (hér eftir vísað til sem **seljanda**), og Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf., kt. 610584-0399, (hér eftir vísað til sem **kaupanda**) er gerður eftifarandi

KAUPSAMNINGUR

1. Hið selda

- 1.1. Með þeim skilmálum og fyrivörum sem fram koma í samningi þessum lofar seljandi að selja og kaupandi að kaupa hluti seljanda í neðangreindum félögum:
- Fjallalambi hf., kt. 710890-1459, að nafnvirði kr. 3.917.897. Um er að ræða 4,05% af heildarhlutum í féluginu.
 - Seljalaxi hf., kt. 650686-1449, að nafnvirði kr. 82.740. Um er að ræða 0,26% af heildarhlutum í féluginu.

2. Afhending

- 2.1. Afhending hins selda fer fram við undirritun kaupsamnings þessa og greiðir seljandi öll gjöld og hirðir allan arð af hinu selda til þess tíma, en kaupandi frá sama tíma.

3. Kaupverð

- 3.1. Kaupverð hlutafjárins er kr. 4.000.637,- skrifað -krónurfjórarmilljónirsexhundruðþrjátíuogsjö-.
3.2. Greiðsla kaupverðsins fer fram með því að kaupandi skráir skuld á viðskiptareikningi sínum við seljanda, sem síðan verður breytt í hlutafjárhækkun í Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf.

4. Skilmálar

- 4.1. Seljandi ábyrgist að hluthafar í Fjallalambi hf. og Seljalaxi hf. og stjórn félaganna hafa fallið frá forkaupsrétti að hlutum í félögunum.
4.2. Seljandi lýsir kaupanda eiganda að ofangreindum hlutum sínum í félögunum Fjallalambi hf. og Seljalaxi hf.
4.3. Seljandi ábyrgist að stjórn Langanesbyggðar, kt. 420369-1749 verði tilkynnt um eigendaskipti. Fari svo að stjórn eða aðrir hluthafar í féluginu gangi inn í viðskiptin, þá renna fjármunir til Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf.

5. Undirritun

- 5.1. Til staðfestingar undirrita kaupandi og seljandi kaupsamning þennan.

Húsavík, 30. desember 2024

f.h. Langanesbyggðar

f.h. Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf.:

Björn s. Lárusson

Pétur Snæbjörnsson